



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 22/2023

## **Auglýsingar og markaðssetning Fríhafnarinnar ehf.**

### **I.**

#### **Endurupptaka málsins**

Með úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 13/2021 var ákvörðun Neytendastofu nr. 36/2021 *Auglýsingar og markaðssetning Fríhafnarinnar ehf.* felld úr gildi og lagt fyrir stofnunina að taka málið til nýrrar meðferðar.

Með ákvörðuninni komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í málinu. Áfrýjunarnefnd neytendamála komst að þeirri niðurstöðu að málið hafi ekki verið nægjanlega upplýst áður en ákvörðun var tekin í því, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1997, að því er varðaði upplýsingagjöf til neytenda frá Fríhöfninni ehf. um það að hvaða leyti opinberar álögur vegna sölu á vörum úr verslunum fyrirtækisins væru frábrugðnar því sem gildi almennt um verslun innanlands. Gögn málsins beri ekki með sér að slíkri fyrirspurn hafi verið beint til fyrirtækisins eða að aðstæður hafi verið kannaðar á vettvangi verslana þess. Því væri hin kærða ákvörðun ógild og málinu vísað til nýrrar meðferðar Neytendastofu.

### **II.**

#### **Erindið**

Neytendastofu barst erindi Sante ehf. og ST ehf. með bréfi, dags. 31. mars 2021. Erindi félaganna laut að kvörtun vegna notkunar Fríhafnarinnar ehf. á heitunum „Duty Free“ og „Fríhöfn“. Í erindi Sante og ST kom fram að félögin telji að með notkun á heitunum í auglýsingum og markaðssetningu hafi Fríhöfnin brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskipaháttum og markaðssetningu, einkum ákvæðum 5. gr., 4. mgr. 6. gr., 8. gr. og 9. gr. laganna.

Sante og ST gerðu þá kröfu að Neytendastofa banni Fríhöfninni að nota heitin „Duty Free“ og „Fríhöfn“ ásamt lénunum [dutyfree.is](http://dutyfree.is) og [frihofn.is](http://frihofn.is) í tengslum við auglýsingar og sölu á áfengi og tóbaki í verslunum Fríhafnarinnar, sbr. 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005. Þá krefjast Sante



og ST þess að Neytendastofa leggi stjórnvaldssekt á Fríhöfnina vegna brots á fyrrgreindum ákvæðum laga nr. 57/2005, sbr. a-lið 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

Sante sé vinnflytjandi en ST sé innflytjandi á tóbaki og reki jafnframt vefsíðuna vindill.is, sem sé vefsala á vindlum. Fríhöfnin, sem sé að öllu leyti í eigu Isavia ohf., reki verslanir með tollfrjálsan varning í Flugstöð Leifs Eiríkssonar samkvæmt rekstrarleyfissamningi við Isavia. Í verslunum sé m.a. selt áfengi og tóbak, en Fríhöfnin reki alls fjórar verslanir í Flugstöðinni. Þannig séu Sante og ST í samkeppni við Fríhöfnina á markaði fyrir ýmiss konar vín og tóbaksvörur.

Við innflutning á víni og tóbaki þurfi, auk annars, að greiða innflutningstoll, þ.e. áfengis- eða tóbaksgjald sem mælt er fyrir um í lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki. Slík áfengis- og tóbaksgjöld, sbr. 3. gr. og 9. gr. laganna, greiði Sante og ST að fullu í sinni starfsemi. Fríhöfnin hafi hins vegar starfsleyfi til að reka tollfrjálsa verslun skv. 101 gr. tollalaga nr. 88/2005 og greiði sem slík ekki jafn há áfengis- og tóbaksgjöld og Sante og ST og aðrir innflytjendur áfengis og tóbaks hér á landi. Fríhöfnin sé þannig ekki alfarið undanþegin áfengis- og tóbaksgjaldi við sölu í verslunum sínum heldur greiði einungis lægri gjöld.

Í 4. tl. 1. mgr. laga nr. 96/1995 komi fram að við sölu á áfengi í tollfrjálsum verslunum skuli áfengisgjald vera 10% af áfengisgjaldi skv. 1.-3. tl. sömu greinar. Á svipaðan hátt sé mælt fyrir um í 4. tl. 2. mgr. 9. gr. sömu laga að af tóbaki sem selt sé í tollfrjálsum verslunum skuli fjárhæð tóbaksgjalds vera 40% af tóbaksgjaldi skv. 1.-3. tl. sömu greinar.

Samkvæmt ársreikningum Fríhafnarinnar hafi félagið greitt í áfengis- og tóbaksgjöld samtals kr. 673.502.000 árið 2019, kr. 693.571.000 árið 2018, kr. 630.133.000 árið 2017, kr. 520.384.000 árið 2016 og kr. 424.994.000 árið 2015. Samtals nemi greidd áfengis- og tóbaksgjöld Fríhafnarinnar yfir síðastliðin ár kr. 2.942.584.000.

Þrátt fyrir framangreint hafi Fríhöfnin um árabíl rekið verslanir sínar undir merkjum „Duty Free“ og „Fríhöfn“. Skírskoti nafngiftirnar til þeirrar starfsemi Fríhafnarinnar að bjóða til sölu tollfrjálsan varning enda sé „Duty-free“ skilgreint í orðabókum sem „tollfrjálst“, „duty“ sem m.a. „tollur“ eða „gjald“ og „free“ sem m.a. „frjálst“, „laus“, „frír“, „endurgjaldslaus“ o.fl. „Fríhöfn“ skírskoti til sömu starfsemi Fríhafnarinnar að bjóða til sölu tollfrjálsan varning og sé hugtakið samtengt notkun Fríhafnarinnar á heitinu „Duty Free“. Fríhöfnin hafi þannig rekið starfsemi sína undir heitunum „Duty Free“ og „Fríhöfn“ þrátt fyrir að Fríhöfnin hafi á sama tíma greitt hundruð milljóna ár hvert í áfengis- og tóbaksgjöld sem félagið hafi innheimt í gegnum vöruverð í verslunum sínum. Þegar af þeirri ástæðu sé ljóst að verslanir Fríhafnarinnar séu ekki verslanir með tollfrjálsan eða „duty free“ varning að þessu leyti. Sante og ST telji að neytendur hafi um árabíl verið blekkir með nafngiftum Fríhafnarinnar og að auglýsingar félagsins sem þannig hafi verið viðhafðar skapi Fríhöfninni samkeppnisforskot á óréttmætum grundvelli.



Um þessa blekkingu Fríhafnarinnar gagnvart neytendum þurfi ekki að vísa lengra en til vefsíðna félagsins, dutyfree.is og frihofn.is, en síðarnefnda vefsíðan sé svokölluð endurvísunar síða (e. redirect) yfir á fyrri vefsíðuna. Á forsíðu vefsíðanna sé hvoru tveggja fyrir að fara yfirskriftinni „Duty free“ ásamt sérstakri reiknivél undir yfirskriftinni „*tollfrjáls varningur reiknivél*“ þar sem m.a. sé hægt að reikna það magn tollfrjáls áfengis og tóbaks sem viðskiptavinum sé heimil kaup á hverju sinni. Á undirsíðunni dutyfree.is/um-frihofnina sé jafnframt tekið fram að „*Komufarþegar fara beint niður í komusalinn, en ólíkt flugvöllum erlendis er hægt að kaupa vörur sem eru undanþegnar virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum (tax- and duty-free) við komu.*“ Á sömu undirsíðu sé þá tiltekið að forveri Fríhafnarinnar, Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf., hafi haft með höndum rekstur verslana með tollfrjálsar vörur og samkvæmt rekstrarleyfi útgefnu af utanríkisráðuneytinu árið 2000 hafi Flugstöðinni verið falið að annast rekstur með tollfrjálsar vörur á Keflavíkurflugvelli. Frá upphafi árs 2005 hafi Fríhöfnin tekið við þessum verslunarrekstri af Flugstöðinni með tollfrjálsar vörur. Á undirsíðunni dutyfree.is/um-frihofnina/starfsemi-ogstefna sé að lokum tekið fram að Fríhöfnin sé einkahlutafélag í 100% eigu Isavia sem sé opinbert hlutafélag sem annist m.a. rekstur verslana með tollfrjálsar vörur á flugvallarsvæðinu.

Sante og ST telji að sú háttsemi Fríhafnarinnar að nota heitin „Duty Free“ og „Fríhöfn“ til að auðkenna sig á markaði við sölu áfengis og tóbaks feli í sér brot gegn ákvæðum laga nr. 57/2005, einkum og sér í lagi ákvæðum 5. gr., sbr. 4. mgr. 6. gr., 8. gr. og 9. gr. laganna. Í bréfi Sante og ST er að finna nokkuð ítarlega reifun á framangreindum ákvæðum og vísun í ákvarðanir Neytendastofu nr. 10/2008 og 5/2008 í tengslum við notkun efsta stig lýsingarorða í auglýsingum.

Er varði notkun Fríhafnarinnar á heitonum „Duty Free“ og „Fríhöfn“ verði að telja að í þeim tilvikum sé ekki einungis ómögulegt að sanna að fullyrðingin sé sönn, þ.e. að varningurinn sé án tolls, heldur liggja fyrir sönnun um hið gagnstæða. Þannig liggja fyrir, eins og að framan sé rakið, að Fríhöfnin beri samkvæmt lögum að greiða hluta þess tolls sem aðrir innflytjendur tóbaks- og áfengis greiði og sé varan því ekki án tolls. Ársreikningar Fríhafnarinnar staðfesti þetta með skýrum hætti. Verði því að telja að notkun Fríhafnarinnar á heitonum „Duty Free“ og „Fríhöfn“ feli í sér brot gegn 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005.

Ákvæði 8. og 9. gr. laga nr. 57/2005 feli í sér bann við framsetningu ýmiss konar upplýsinga sem séu til þess fallnar að blekkja neytendur eða veita þeim rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti. Í 1. mgr. 9. gr. séu í nokkrum liðum talin upp fjölmörg tilvik sem þarna falli undir. Eitt þeirra tilvika sem sé talið falla undir bann ákvæðisins sé notkun orða eins og ókeypis eða frítt ef neytandi þarf að greiða fyrir vöru eða þjónustu til að fá það sem auglýst er. Þessu hafi m.a. verið slegið föstu í Hrd. 1993, bls. 2400, en í dag sé mælt fyrir um þessa sömu reglu í reglugerð nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir. Þannig segi í 20. tl. 1. gr. reglugerðarinnar að það teljist í öllum tilvikum óréttmætir viðskiptahættir „*áð lýsa vöru með orðunum „ókeypis“, „frítt“, „án endurgjalds“ eða ámóta orðalagi ef neytandinn þarf að greiða eitthvað annað en*



*óhjákvæmilegan kostnað við að senda svar við viðskiptaháttum þessum og sækja eða greiða fyrir afhendingu hlutarins. “ Annað atriði sem sérstaklega sé tiltekið í 9. gr. séu upplýsingar um aðferð við útreikning á verði og hvort um verðhagræði sé að ræða.*

Ljóst sé að í tilviki Fríhafnarinnar auglýsi félagið ekki sérstaklega að neytandi fái vöru „frítt“ en eins og fjallað sé um að framan þá vísi heiti verslunarinnar „Duty Free“ og „Fríhöfn“ engu að síður með skýrum hætti til þess að viðskiptavinurinn sé frjáls undan greiðslu tolls, þ.e. fái vöruna án tollgjalds líkt og margsinis sé tiltekið á vefsíðum Fríhafnarinnar og í opinberum gögnum. Þannig verði að telja að þessi heiti verslananna skírskoti til þeirrar staðreyndar að söluvörur þeirra séu frábrugðnar öðrum sambærilegum vörum að því leyti að þær njóti sérstaks verðhagræðis sem tollfrjálsar vörur. Inn í verðið sé ekki reiknaður tollur, eins og með aðrar sambærilegar vörur, og því sé varan hagstæðari en aðrar. Í því sambandi megi m.a. horfa til ákvörðunar Neytendastofu nr. 47/2011 en þar hafi Hagkaup verið talið brotlegt við ákvæði 2. mgr. 6. gr. með auglýsingum um svokallaða „Tax Free“ daga hjá Hagkaupum þar sem neytendur hefðu mátt vænta 25,5% afsláttar af vöruverði en raunafsláttur hafi einungis verið 20%. Hið sama eigi í raun við um áfengis- og tóbakssölu Fríhafnarinnar þar sem neytendur megi vænta þess að allar söluvörur félagsins séu án allra gjalda, en þess í stað beri áfengi og tóbak í reynd 10% og 40% hlutfall af fullum áfengis- og tóbaksgjöldum.

Verði að telja að neytendur séu almennt meðvitaðir um að sökum stöðu verslunar Fríhafnarinnar sem tollfrjálsrar verslunar sé verð á áfengi og tóbaki almennt töluvert lægra þar en í verslunum Vínbúðarinnar eða á almennum markaði. Þannig séu heitin „Duty Free“ og „Fríhöfn“ ótvírætt til þess fallin að villa um fyrir eða blekkja neytendur enda vísi þau til þess að vöruverð sé tollfrjálst, þ.e. laust við toll að öllu leyti en ekki einungis að hluta. Sé þetta sérstaklega alvarlegt í tilviki tóbaksgjalds enda sé verðið sem tóbak sé selt á í verslun Fríhafnarinnar háð 40% tóbaksgjaldi og því víðs fjarri því að vera „duty-free“.

Jafnframt telji Sante og ST að heitin „Duty Free“ og „Fríhöfn“ séu sérstaklega villandi í ljósi þess að löggjafinn hafi lagt skýra áherslu á að í auglýsingum, eða með framsetningu annarra upplýsinga, skuli fyrirtæki veita upplýsingar um endanlegt verð, þ.m.t. virðisaukaskatt og önnur opinber gjöld, sbr. f-lið 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005. Allt framangreint verði að telja til upplýsinga sem almennt skipti máli fyrir neytendur og séu þær til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti, sbr. 2. mgr. 9. gr. sömu laga.

Með vísan til alls framangreinds telji Sante og ST sýnt fram á að háttsemi Fríhafnarinnar feli í sér brot gegn ákvæðum laga nr. 57/2005, einkum 5. gr., sbr. 4. mgr. 6. gr., 8. gr. og 9. gr. laganna. Brot Fríhafnarinnar séu viðvarandi og hafi verið svo um langt skeið, neytendum og samkeppnisaðilum til tjóns. Sante og ST fari fram á að Fríhöfninni verði þegar í stað bannað að nota heitin „Duty Free“ og „Fríhöfn“ ásamt lénunum [dutyfree.is](http://dutyfree.is) og [frihofn.is](http://frihofn.is) í tengslum við starfsemi sína við sölu á áfengis- og tóbaksvörum. Þess sé jafnframt krafist að Neytendastofa leggi viðeigandi stjórnvaldssekt á Fríhöfnina fyrir brot á tilvitnuðum lagaákvæðum.



### III. Málsmeðferð

#### 1.

Erindi Sante og ST var sent Fríhöfninni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 16. apríl 2021.

Svar Fríhafnarinnar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 11. maí 2021. Í upphafi bréfs Fríhafnarinnar var rakin saga fríhafnarverslunar og tekið fram að fríhafnarverslun hafi verið rekin hér á landi allt frá árinu 1958. Árið 2004 hafi verið stofnað sérstakt félag um starfsemina sem sé í eigu Isavia og að FRÍHÖFNIN og DUTY-FREE séu firmaheiti og vörumerki Fríhafnarinnar.

Sante og ST vilji meina að þar sem Fríhöfnin greiði hluta af áfengis- og tóbaksgjöldum, skv. lögum nr. 96/1995, séu verslanir félagsins ekki fríhafnir eða „duty free“ og því geti félagið ekki notað þessi heiti sem firmaheiti, lénsheiti eða orð í merkingum eða markaðssetningu. Fríhöfnin mótmæli meintum ásökunum um að með notkun heitanna „Fríhöfn“ og „Duty Free“ sé fyrirtækið að blekkja neytendur og skapa samkeppnisforskot á óréttmætum grundvelli.

Í fyrsta lagi beri að benda á að í erindinu komi fram að Sante og ST telji sig í samkeppni við Fríhöfnina á markaði fyrir ýmiss konar vín og tóbaksvörur. Þessu hafni Fríhöfnin alfarið. Samkeppnisyfirvöld hafi ítrekað skilgreint samkeppnismarkað Fríhafnarinnar á þann hátt að verslun með tollfrjálsan varning á frísvæði flugstöðvar teljist til sérstaks vörumarkaðar. Það sé mat samkeppnisyfirvalda að fyrirtæki sem bjóði til sölu tollfrjálsar vörur á þessum skilgreinda markaði séu keppinautar í skilningi samkeppnislaga.

Í öðru lagi merki orðið fríhöfn verslun í flugstöð þar sem kaupa megi tollfrjálsan varning til innflutnings. „Duty Free“ sé alþekkt tilvísun til fríhafnarverslana um allan heim. Engin lög, hvorki íslensk né alþjóðleg, geri þá kröfu að vörur sem seldar séu í fríhafnarverslunum séu án nokkurra gjalda. Það sé á valdi hvers lands fyrir sig að setja lög og ramma um fríhafnarverslanir og mismunandi hvernig þessum málum sé háttað í hverju landi fyrir sig. Almenna reglan sé þó sú að vísað sé til verslana í flugstöðum sem „tax og duty free“ verslanir þó að margar þeirra séu ekki „tax free“ og jafnvel „duty paid“. Í sumum tilvikum fari það eftir því hvert viðskiptavinurinn sé að ferðast hvort hann greiði gjöld eða ekki.

Á Íslandi hafi sú ákvörðun verið tekin árið 2011, með breytingum á lögum nr. 96/1995, að komufríhafnir í landinu skyldu greiða 10% af áfengisgjaldi og 40% af tóbaksgjaldi. Frá árinu 2000 hafi fríhafnir verið undanþegnar gjöldum af áfengi og tóbaki. Gjaldið greiði því allar komufríhafnir á landinu en ekki einungis Fríhöfnin. Það sé því ekki rétt, eins og fram komi í erindi Sante og ST, að áfengis- og tóbaksgjöld séu greidd af allri áfengis- og tóbakssölu Fríhafnarinnar.



Í þriðja lagi komi skýrt fram í athugasemdum við V. kafla með frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem lagt var fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011, að löggjafinn geri ráð fyrir því að álagning áfengis- og tóbaksgjalds á komufríhafnir leiði til tekjutaps og að ef þjónusta rekstraraðila fríhafna eigi að haldast óbreytt kalli slíkt tekjutap á hagræðingu og/eða nýja tekjuöflun. Um eftirágreidd gjöld sé að ræða sem leggist ofan á vöruverð komufríhafna og gert sé ráð fyrir að rekstraraðilar greiði gjaldið með lækkun á álagningu. Vöruverð komufríhafna sé því án áfengis- og tóbaksgjalda og því séu neytendur ekki blekkir með villandi upplýsingum. Þessu til staðfestingar sé vert að benda á að hjá Fríhöfninni sé verð á áfengi og tóbaki það sama í öllum verslunum þrátt fyrir að gjöld séu einungis greidd af áfengis- og tóbakssölu komuverslunar. Jafnframt sé allt að 70% verðmunur á áfengi í verslunum Fríhafnarinnar og í Vínbúðinni. Sú fullyrðing Sante og ST sem fram komi í bréfi þeirra að Fríhöfnin innheimti þau gjöld sem um ræði í gegnum vöruverð í verslunum sínum og blekki neytendur í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti eigi því ekki við nein rök að styðjast.

Að öllu framangreindu virtu sé þess krafist að kvörtun Sante og ST verði vísað frá. Fríhöfnin hafi hvorki blekkir neytendur með nafngift félagsins né getað skapað sér samkeppnisforskot á óréttmætum grundvelli eða valdið Sante og ST tjóni þar sem félagið og Sante og ST starfi ekki á sama markaði.

## 2.

Bréf Fríhafnarinnar var sent Sante og ST til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 12. maí 2021. Svar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 14. maí 2021. Í bréfinu sagði að mótmælt sé þeirri fullyrðingu sem haldið sé fram í bréfi Fríhafnarinnar um að félagið sé ekki í samkeppni við Sante og ST. Ljóst sé að sala áfengis og tóbaks í komuverslun flughafna leiði til þess að kaupendur kaupi ekki eða kaupi minna af sambærilegum vörum á innlendum markaði. Þess utan hafi skilgreining samkeppnisyfirvalda á sérstökum vörumarkaði á frísvæði flugstöðva enga þýðingu við mat á meintum brotum gegn lögum nr. 57/2005. Jafnframt hafi slík skilgreining samkeppnisyfirvalda enga þýðingu er varði háttsemi Fríhafnarinnar sem hér um ræði þegar af þeirri ástæðu að í tilviki sölu Fríhafnarinnar á áfengi og tóbaki sé ekki um að ræða sölu á tollfrjálsum varningi.

Vakin sé athygli á því að í bréfi Fríhafnarinnar virðist félagið í reynd viðurkenna brot sín gagnvart neytendum en haldi því þess í stað fram að lög nr. 57/2005 eigi ekki við um starfsemi félagsins. Fríhöfnin vísi til óskilgreindrar venju um að sambærileg háttsemi tíðkist erlendis og skyldu Fríhafnarinnar til greiðslu áfengis- og tóbaksgjalda samkvæmt lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum frá árinu 2011. Á þann málalíbúnað sé ekki unnt að fallast. Ótvírætt sé að ekki verði vísað til óskilgreindrar erlendra venju til réttlætningar á óréttmætum viðskiptaháttum hér á landi. Jafnframt beinist kvörtun Sante og ST ekki að því hvort lagaheimild sé til staðar fyrir Fríhöfnina til innheimtu tolla, heldur lúti kvörtunin að þeirri blekkingu sem Fríhöfnin beiti með heitum verslana sinna gagnvart neytendum og samkeppnisaðilum sem óheimil sé samkvæmt



lögum nr. 57/2005. Sú blekking gagnvart neytendum og samkeppnisaðilum verði hvorki réttlætt með vísan til óskilgreindrar venju né lagaskyldu um innheimtu tolla.

Með vísan til alls framangreinds telji Sante og ST að fyrir liggi allar upplýsingar um að háttsemi Fríhafnarinnar feli í sér brot gegn ákvæðum laga nr. 57/2005.

### 3.

Bréf Sante og ST var sent Fríhöfninni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 19. maí 2021. Svar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 2. júní 2021. Í bréfinu sagði að Fríhöfnin hafni þeim ásökunum sem fram komi í bréfi Sante og ST. Þá hafni Fríhöfnin því að hafa viðurkennt brot gegn lögum nr. 57/2005. Fríhöfnin ítreki þau sjónarmið sem fram hafi komið í fyrra bréfi og krefjist þess að kvörtuninni verði vísað frá

### 4.

Bréf Fríhafnarinnar var sent Sante og ST til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 2. júní 2021. Með bréfinu var aðilum málsins tilkynnt um lok gagnaöflunar og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

### 5.

Líkt og áður hefur komið fram lauk málinu með ákvörðun Neytendastofu nr. 36/2019 en með úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 13/2021 var ákvörðunin felld úr gildi og málið sent Neytendastofu til nýrrar meðferðar.

Neytendastofa tók málið til nýrrar meðferðar með bréfi stofnunarinnar til Fríhafnarinnar ehf. dags. 9. september 2022. Í bréfinu var til þess vísað að með úrskurði áfrýjunarnefndar hafi ákvörðun Neytendastofu verið felld úr gildi og málinu vísað til nýrrar meðferðar Neytendastofu. Framangreind ákvörðun Neytendastofu hafi lotið að auglýsingum og markaðssetningu Fríhafnarinnar ehf. og notkun félagsins á heitonum „Duty free“ og „Fríhöfn“. Í úrskurði áfrýjunarnefndarinnar komi fram það álit áfrýjunarnefndarinnar að málið hafi ekki verið nægjanlega upplýst áður en ákvörðun var tekin, sbr. 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Vísi áfrýjunarnefndin til þess að ekki sé skýrt hvað felst í staðhæfingu Fríhafnarinnar um að verslanir félagsins séu „duty free“ og í „fríhöfn“ annað en að vörur sem félagið selji séu háðar öðrum reglum um álögur hins opinbera en í verslunum innanlands.

Með hliðsjón af ofangreindu og í samræmi við ákvæði 1. mgr. 20. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, óski Neytendastofa eftir upplýsingum frá Fríhöfninni ehf. um hvernig neytendur séu upplýstir, á heimasíðu og í verslunum félagsins, um það að hvaða leyti opinberar álögur vegna sölu á almennum vörum úr verslunum félagsins séu frábrugðnar því sem almennt gildi um verslun innanlands.

Svar ásamt umbeðnum upplýsingum þurfi að berast stofnuninni innan 14 daga frá dagsetningu bréfsins.



## 6.

Svar barst með bréfi, mótttekið 29. september 2022. Í bréfinu kemur fram að Fríhöfnin vilji taka það fram að engar álögur, hvorki tollur, virðisaukaskattur né önnur gjöld séu lagðar á aðrar vörur sem verslunin selji, svo sem snyrtivörur, leikföng, fatnað eða sælgæti. Eins og fram hafi komi í málinu sé kveðið á um áfengis- og tóbaksgjald í lögum nr. 96/1995, en áfengi beri einungis 10% áfengisgjald og tóbak 40% tóbaksgjald í tollfrjálsum komuverslunum. Það skuli ítrekað að álagning Fríhafnarinnar sé þannig háttáð að áfengi og tóbak sé í reynd selt á sama verði án tillits til þess hvort um sé að ræða sölu úr komu- eða brottfararverslun fyrirtækisins.

Upplýsingar um áfengis- og tóbaksgjald sem komuverslun Fríhafnarinnar beri að standa skil á komi fram á heimasíðu Fríhafnarinnar: <https://www.dutyfree.is/um-frihofnina>. Þar komi m.a. fram eftirfarandi upplýsingar:

*„Þar sem Ísland er utan Evrópusambandsins er heimilt að selja vörur á frihafnarsvæði til allra farþega sem fara um flugvöllinn. Vörur Fríhafnarinnar eru undanþegnar virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum (tax and duty free) fyrir utan áfengi og tóbak sem selt er í komuverslun Fríhafnarinnar. Skv. lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum, ber tollfrjálsum komuverslunum að greiða hluta af áfengis- og tóbaksgjöldum. Skv. lögum er gjaldið greitt eftir á og er því ekki lagt á vöruverð til viðskiptavina.“*

Ekki sé að finna í lögum eða reglugerðum ríkari skyldur sem hvíli á Fríhöfninni til þess að upplýsa um álögur eða gjöld umfram verslanir á innanlandsmarkaði.

## 7.

Bréf Fríhafnarinnar var sent Sante og ST til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 20. október 2022. Svar Sante og ST barst með bréfi, dags. 27. október 2022. Í bréfinu kemur fram að í fyrstu megi ráða af svörum Fríhafnarinnar að félagið viðurkenni að neytendur séu ekki upplýstir í verslunum félagsins um opinberar álögur við sölu á áfengi og tóbaki. Með vísan til forsendna úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 13/2021 megi þannig ljóst telja að viðurkenning liggi fyrir um langtíma og viðvarandi óréttmæta og villandi viðskiptahætti gagnvart neytendum í verslunum félagsins sbr. 8. og 9. gr. laga nr. 57/2005.

Í öðru lagi taki Sante og ST fram að tilvitnaður texti á heimasíðu Fríhafnarinnar á slóðinni <https://www.dutyfree.is/um-frihofnina> sem vísað sé til í bréfi Fríhafnarinnar, dags. 29. september 2022, og tilvísun til laga nr. 96/1955, séu auk þess ekki upplýsingar sem veittar hafi verið neytendum síðastliðin ár, líkt og látið virðist í veðri vaka, hvorki á vefsíðu félagsins né í verslunum. Um sé að ræða orðalagsbreytingu sem virðist koma inn á vefsíðu félagsins seint á árinu 2022, líkt og sjá megi með uppfléttingu vefsíðunnar í gegnum leitarsíður er visti eldri útgáfur af heimasíðum. Hin nýlega breyting greini auk þess ekki frá prósentuhlutfalli áfengi og tóbaksgjalds sem lagt sé á neytendur við kaup á viðkomandi vörutegundum í verslunum





Fríhafnarinnar. Jafnframt telji Sante og ST rétt að benda á, hvað sem líði hinni takmörkuðu tilvísun til laga nr. 96/1995 sem nýlaga hafi fyrst verið greint frá á vefsíðu Fríhafnarinnar, að þær upplýsingar séu auk þess hvorki birtar á forsíðu þar sem vöruframboð verslunarinnar sé auglýst, heldur undir undirsíðunni „Um Fríhöfnina“. Hinar takmörkuðu upplýsingar til neytenda séu þannig vísitandi birtar með eins lítið áberandi hætti fyrir neytendur og mögulegt sé á vefsíðunni [www.dutyfree.is](http://www.dutyfree.is). Með vísan til framangreinds og forsenda úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 13/2021 telji Sante og ST ljóst að Fríhöfnin hafi viðurkennt óréttmæta og villandi viðskiptahætti gagnvart neytendum bæði í verslun og á vefsíðu félagsins sbr. 8. og 9. gr. laga nr. 57/2005, að lágmarki fram til ársins 2022.

Jafnframt telji Sante og ST Fríhöfnina enn ekki uppfylla skyldu sína samkvæmt lögum nr. 57/2005 enda feli tilvatnaður texti á vefsíðu félagsins ekki enn í sér fullnægjandi upplýsingagjöf til neytenda um nákvæmar álögur á áfengi og tóbak sem selt sé í verslunum félagsins.

Með vísun til alls framangreinds telji Sante og ST að fyrir liggi allar upplýsingar um að háttsemi Fríhafnarinnar feli í sér brot gegn ákvæðum laga nr. 57/2005, einkum ákvæðum 8. gr. og 9. gr. laganna. Brot Fríhafnarinnar séu viðvarandi og hafi svo verið um langt skeið, neytendum og samkeppnisaðilum til tjóns. Ítreki Sante og ST kröfur sínar um að Fríhöfninni verði þegar í stað bannað að nota nafnið „Duty-free“ og „Fríhöfn“ ásamt lénunum [www.dutyfree.is](http://www.dutyfree.is) og léninu [www.frihofn.is](http://www.frihofn.is) í tengslum við starfsemi Fríhafnarinnar við sölu á áfengis- og tóbaksvörum eða Fríhöfninni verði gerðar frekari takmarkanir fyrir notkun þeirra í starfsemi sinni. Sé þess jafnframt krafist að Neytendastofa leggi viðeigandi stjórnvaldssekt á Fríhöfnina fyrir ítrekuð og langvarandi brot félagsins á tilvitnuðum lagaákvæðum sem staðið hafi yfir um margra ára skeið.

Áskilinn sé réttur til að gera frekari grein fyrir sjónarmiðum Sante og ST og leggja fram frekari gögn á síðari stigum ef þörf krefji.

## 8.

Bréf Sante og ST var sent Fríhöfninni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 14. nóvember 2022. Svar barst með bréfi Fríhafnarinnar, dags. 8. desember 2022. Í bréfinu kemur fram að Fríhöfnin hafni órökstuddum fullyrðingum Sante og ST um að viðurkenning liggi fyrir um langtíma og viðvarandi óréttmæta og villandi viðskiptahætti gagnvart neytendum í verslunum félagsins.

Eins og fram hafi komið í málinu sé verð á áfengi og tóbaki í Fríhöfninni án áfengis- og tóbaksgjalds, sbr. umfjöllun í athugasemdum við V. kafla með frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem lagt hafi verið fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011 um að löggjafinn geri ráð fyrir því að álagning áfengis- og tóbaksgjalds á komufríhafnir leiði til tekjutaps og að ef þjónusta rekstraraðila fríhafna eigi að haldast óbreytt kalli slíkt tekjutap á hagræðingu og/eða nýja tekjuöflun. Löggjafinn geri beinlínis ráð fyrir því að verð á áfengi og tóbaki í fríhafnarverslunum verði áfram án áfengis- og tóbaksgjalds.



Engar álögur, hvorki tollur, virðisaukaskattur né önnur gjöld séu lögð á aðrar vörur sem verslunin selji, svo sem snyrtivörur, leikföng, fatnað eða sælgæti.

Kveðið sé á um áfengis- og tóbaksgjald í lögum nr. 96/1995, en áfengi beri einungis 10% áfengisgjald og tóbak 40% tóbaksgjald í tollfrjálsum komuverslunum. Áfengis- og tóbaksgjald sé ekki greitt af sölu áfengis og tóbaks í brottfararverslun. Það skuli ítrekað að verðlagningu Fríhafnarinnar sé þannig háttáð að áfengi og tóbak sé selt á sama verði án tillits til þess hvort um sé að ræða sölu úr komu- eða brottfararverslun fyrirtækisins. Sé því ekki um að ræða að áfengis- og tóbaksgjald sé lagt ofan á vöruverð. Fríhöfnin hafni því alfarið að um sé að ræða villandi viðskiptahætti sem séu líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Áfengis- og tóbaksgjald sé ekki lagt beint ofan á vöruverð og geti þar af leiðandi ekki haft áhrif á fjárhagslega hegðun neytenda. Þar sem áfengis- og tóbaksgjald sé ekki lagt beint á vöruverð áfengis og tóbaks hafi Fríhöfnin ekki talið nauðsynlegt að upplýsa neytendur markvist um lögbundna greiðslu á hluta af áfengis- og tóbaksgjaldi sem verslunin greiði í ríkissjóð, enda sé engin ríkari lagaskylda sem hvíli á Fríhöfninni eða fríhöfnum umfram aðrar verslanir með áfengi og tóbak. Eins og áður segi sé gjaldið ekki lagt ofan á vöruverð, það sé greitt eftir á og hafi því ekki áhrif á hegðun neytenda. Tilgangurinn með frekari upplýsingum um greiðslu þessa lögbundna gjalds sé því óljós.

Fríhöfnin fái því ekki séð að einhver sérstök skylda hvíli á félaginu, umfram verslanir á innanlandsmarkaði, að upplýsa um álagningu áfengis- og tóbaksgjalds, einkum og sér í lagi þar sem slíkt gjald leggist ekki beint við vöruverð, sbr. umfjöllun að framan. Að öðru leyti vísi Fríhöfnin til fyrri rökstuðnings og áskilji sér rétt til þess að koma með frekari rökstuðning og gögn á síðari stigum ef þörf krefji.

## 9.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 12. janúar 2023, var bréf Fríhafnarinnar sent Sante og ST til upplýsingar. Með bréfinu var aðilum málsins tilkynnt um lok gagnaöflunar og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 20 mars 2023, tilkynnti stofnunin aðilum málsins um að vegna fjölda fyrirbyggjandi mála væru fyrirsjáanlegar tafir á afgreiðslu málsins.

## IV. Niðurstaða

### 1.

Mál þetta lýtur að kvörtun Sante ehf. og ST ehf. yfir notkun Fríhafnarinnar ehf. á heitunum „Duty Free“ og „Fríhöfn“. Sante og ST telja að með notkun á heitunum í auglýsingum og markaðssetningu hafi Fríhöfnin brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, einkum ákvæðum 5. gr., 4. mgr. 6. gr., 8. gr. og 9. gr.



laganna. Í kvörtuninni kom fram að Fríhöfnin hafi um árabíl rekið starfsemi sína undir heitunum „Duty Free“ og „Fríhöfn“ þrátt fyrir að Fríhöfnin hafi á sama tíma greitt hundruð milljóna ár hvert í áfengis- og tóbaksgjöld, sem félagið hafi innheimt í gegnum vöruverð í verslunum sínum, en samkvæmt 3. gr. og 9. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, beri Fríhöfnin að greiða 10% af áfengisgjaldi og 40% af tóbaksgjaldi vegna áfengis- og tóbakssölu í verslunum sínum. Þegar af þeirri ástæðu sé ljóst að verslanir Fríhafnarinnar séu ekki verslanir með tollfrjálsan eða „duty free“ varning að því leyti. Sante og ST telja að neytendur hafi um árabíl verið blekkir með nafngiftum Fríhafnarinnar og að auglýsingar félagsins sem þannig hafi verið viðhafðar skapi Fríhöfninni samkeppnisforskot á óréttmætum grundvelli. Gerðu Sante og ST þá kröfu að Neytendastofa banni Fríhöfninni að nota heitin „Duty Free“ og „Fríhöfn“ ásamt lénunum [dutyfree.is](http://dutyfree.is) og [frihofn.is](http://frihofn.is), í tengslum við auglýsingar og sölu á áfengi og tóbaki í verslunum Fríhafnarinnar, og leggi stjórnvaldssekt á Fríhöfnina vegna brots á fyrrgreindum ákvæðum laga nr. 57/2005.

Í svörum Fríhafnarinnar kom fram að félagið mótmæli ásökunum Sante og ST um að með notkun heitanna „Fríhöfn“ og „Duty Free“ sé félagið að blekkja neytendur og skapa félaginu samkeppnisforskot á óréttmætum grundvelli. Fríhöfnin sé ekki í samkeppni við Sante og ST enda hafi samkeppnisyfirvöld ítrekað skilgreint samkeppnismarkað Fríhafnarinnar á þann hátt að verslun með tollfrjálsan varning á frísvæði flugstöðvar teljist til sérstaks vörumarkaðar. Þá merki orðið fríhöfn verslun í flugstöð þar sem kaupa megi tollfrjálsan varning til innflutnings. „Duty Free“ sé alþekkt tilvísun til fríhafnarverslana um allan heim. Engin lög, hvorki íslensk né alþjóðleg, geri þá kröfu að vörur sem seldar séu í fríhafnarverslunum séu án nokkurra gjalda. Enn fremur séu áfengis- og tóbaksgjöld eftirágreidd gjöld sem leggist ofan á vöruverð komufríhafna og gert sé ráð fyrir að rekstraraðilar greiði gjaldið með lækkun á álagningu. Vöruverð komufríhafna sé því án áfengis- og tóbaksgjalda og því séu neytendur ekki blekkir með villandi upplýsingum. Þessu til staðfestingar sé vert að benda á að hjá Fríhöfninni sé verð á áfengi og tóbaki það sama í öllum verslunum þrátt fyrir að gjöld séu einungis greidd af áfengis- og tóbakssölu komuverslunar. Fullyrðing Sante og ST um að Fríhöfnin innheimti þau gjöld sem um ræði í gegnum vöruverð í verslunum sínum og blekki neytendur í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti eigi því ekki við rök að styðjast.

Málinu lauk á neðra stjórnarsýslustigi með ákvörðun Neytendastofu nr. 36/2021 *Auglýsingar og markaðssetning Fríhafnarinnar ehf.* þar sem stofnunin taldi ekki ástæðu til aðgerða af hálfu stofnunarinnar. Með úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 13/2021 var ákvörðunin felld úr gildi og lagt fyrir Neytendastofu að taka málið til nýrrar meðferðar þar sem áfrýjunarnefndin taldi rannsókn Neytendastofu á málinu ófullnægjandi, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1997, að því er lyti að upplýsingagjöf til neytenda um það að hvaða leyti opinberar álögur vegna sölu á vörum úr verslunum fyrirtækisins væru frábrugðnar því sem gildi almennt um verslun innanlands.



2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin fela fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaaðferða. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað telst til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. segir:

*„Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þarf fyrirtæki að geta fært sönnur á.“*

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 segir:

*„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“*

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Í 2. mgr. 9. gr. laganna er enn fremur kveðið á um að viðskiptahættir séu villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytanda um að eiga viðskipti. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að hafa megi þau atriði til hliðsjónar sem tilgreind eru í 1. mgr. 9. gr. laganna.

Í máli þessu hefur einnig verið vísað til reglugerðar nr. 160/2009 en þar er kveðið á um að nánar tilgreindir viðskiptahættir teljist undir öllum kringumstæðum óréttmætir. Samkvæmt 20. tl. 1. mgr. 1. gr. teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir viðskiptahættir:



*“Að lýsa vöru með orðunum „ókeypis“, „frítt“, „án endurgjalds“ eða ámóta orðalagi ef neytandinn þarf að greiða eitthvað annað en óhjákvæmilegan kostnað við að senda svar við viðskiptaháttum þessum og sækja eða greiða fyrir afhendingu hlutarins.”*

### 3.

Líkt og að framan greinir komst áfrýjunarnefnd neytendamála í máli nr. 13/2021 að þeirri niðurstöðu að rannsókn Neytendastofu á upphaflegu máli hafi verið ófullnægjandi. Byggði áfrýjunarnefndin þá niðurstöðu sína á því að ekki væri alls kostar skýrt hvað fælist í staðhæfingu Fríhafnarinnar um að verslanir fyrirtækisins væru „duty free“ og „fríhöfn“. Var það mat áfrýjunarnefndarinnar að telja verði að það skipti neytendur máli að fá upplýsingar um hvað fælist í muninum á að versla í verslunum Fríhafnarinnar samanborið við almennar verslanir í landinu og því hafi verið tilefni fyrir Neytendastofu að leita sérstaklega eftir upplýsingum um það frá Fríhöfninni hvernig neytendur væru upplýstir, á heimasíðu og verslunum fyrirtækisins, um það að hvaða leyti opinberar álögur vegna sölu á vörum úr verslunum fyrirtækisins væru frábrugðnar því sem gildi almennt um verslun innanlands. Í úrskurði áfrýjunarnefndarinnar kom hins vegar fram að ekki hafi verið ástæða til að Neytendastofa gripi til aðgerða vegna ætlaðs brots Fríhafnarinnar ehf. á 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 vegna staðhæfingar Fríhafnarinnar að verslanir fyrirtækisins væru „duty free“ og „fríhöfn“ og vísar stofnunin því til umfjöllunar um framangreint í ákvörðun Neytendastofu nr. 36/2021.

Með bréfi, dags. 9. september 2022, lagði Neytendastofa fyrir Fríhöfnina að upplýsa um hvernig neytendur væru upplýstir, á heimasíðu og í verslunum félagsins, um það að hvaða leyti opinberar álögur vegna sölu á almennum vörum úr verslunum félagsins væru frábrugðnar því sem almennt gildi um verslun innanlands. Í svörum Fríhafnarinnar hefur komið fram að þrátt fyrir að félaginu sé skylt að skila til ríkissjóðs áfengis- og tóbaksgjaldi, sbr. 4. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 96/1995, af sölu umræddra vara sem seldar eru í komuverslun Fríhafnarinnar eru slík gjöld ekki lögð við vöruverð í komuverslun heldur borin af félaginu sjálfu. Því til stuðnings vísar félagið til þess að áfengi og tóbak hafi í reynd verið selt á sama verði án tillits til þess hvort um sé að ræða sölu úr komu- eða brottfararverslun félagsins.

Með lögum nr. 129/2022, um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023, voru umrædd gjöld hækkuð á þann veg að nú skal áfengi sem selt er í tollfrjálsum verslunum bera 25% af áfengisgjaldi í stað 10% áður og tóbak bera 50% af tóbaksgjaldi í stað 40% áður. Undir rekstri málsins fékk Neytendastofa upplýsingar um að sökum fyrrgreindrar hækkunar umræddra gjalda muni Fríhöfnin eftirleiðis leggja hluta þessara gjalda við vöruverð áfengis og tóbaks sem selt er í komuverslun og munu umræddar vörur því vera dýrari í þeirri verslun sambanborið við brottfararverslun. Neytendastofa tók því til sérstakrar skoðunar hvernig upplýsingagjöf Fríhafnarinnar til neytenda er lýtur að umræddum gjöldum væri háttað eftir framangreinda lagabreytingu.



Upplýsingar um áfengis- og tóbaksgjald sem komuverslun Fríhafnarinnar ber að standa skil á kemur fram á heimasíðu Fríhafnarinnar: <https://www.dutyfree.is/um-frihofnina>. Þar koma m.a. fram eftirfarandi upplýsingar:

*„Þar sem Ísland er utan Evrópusambandsins er heimilt að selja vörur á fríhafnarsvæði til allra farþega sem fara um flugvöllinn. Vörur Fríhafnarinnar eru undanþegnar virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum (tax and duty free) fyrir utan áfengi og tóbak sem selt er í komuverslun Fríhafnarinnar. Skv. lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum, ber tollfrjálsum komuverslunum að greiða hluta af áfengis- og tóbaksgjöldum. Skv. lögum er gjaldið greitt eftir á og er því ekki lagt á vöruverð til viðskiptavina.“*

Þá hefur uppsetningu á vefsíðu Fríhafnarinnar verið breytt á þann veg að þegar farið er inn á upphafsíðuna þarf að velja á milli brottfararverslunar og komuverslunar og eru verð á hluta vöruúrvals félagsins hærra í komuverslun sem þá endurspeglar að hluti áfengis- og tóbaksgjalds sé nú lagt við vöruverð í komuverslun félagsins.

Er lýtur almennt að upplýsingagjöf Fríhafnarinnar til neytenda vegna álagningar áfengis- og tóbaksgjalds verður að mati Neytendastofu að skoða umrædda upplýsingagjöf í samhengi við þá afstöðu stofnunarinnar að leggja verði til grundvallar að hinn almenni neytandi leggi þann skilning í umræddar staðhæfingar Fríhafnarinnar að í fríhafnarverslunum fari fram sala á vörum sem sé ekki háð sömu álagningu tolla, skatta eða annarra gjalda og almennt í verslun í viðkomandi landi utan fríhafna. Líkt og fram kemur í úrskurði áfrýjunarnefndarinnar verður hins vegar ekki litið svo á að í umræddum staðhæfingum um að verslanir Fríhafnarinnar séu “duty free” og “fríhöfn” felist að engar opinberar álögur séu lagðar á sölustarfsemi Fríhafnarinnar enda ljóst að orðið „fríhöfn“ eitt og sér er ekki svo skilyrðislaus staðhæfing.

Þá er rétt að vísa til þess að ekki er að finna í lögum eða reglugerðum ríkari skyldur sem hvíla á Fríhöfninni til þess að upplýsa um álögur eða gjöld umfram aðrar verslanir. Ekki er almenn né sértæk lagaskylda til að gera grein fyrir opinberum gjöldum samhliða söluverði að öðru leyti en því að skylt er að gefa upp endanlegt verð sem inniheldur öll opinber gjöld. Til samanburðar má vísa til þess að seljendum ber ekki skylda til að upplýsa neytendur um hvort seldar vörur falli í 11% eða 24% skattþrep virðisaukaskatts, hvorki í vefverslun né á sölustað. Skyldan snýr eingöngu að því að auglýst söluverð vara sé endanlegt söluverð sem inniheldur öll opinber gjöld. Líkt og það er í hlutverki hins opinbera að ákvarða og upplýsa um hvaða vörur bera 11% eða 24% virðisaukaskatt má færa rök fyrir því að það sé í hlutverki hins opinbera að upplýsa um hvort og þá að hvaða leyti vörur bera áfengis- eða tóbaksgjald.

Til samanburðar má einnig vísa til fjölmargra ákvarðana Neytendastofu þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að skylt væri að tilgreina afsláttarprósentu þegar vísað væri til svokallaðs „tax free“ afsláttar. Í þeim málum var vísað til þess að samkvæmt 4. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði, sé lögð skylda á seljendur að tilgreina



prósentuhlutfall afsláttar auk fyrra verðs þegar veittur er prósentuafsláttur af verði vöru. Komst stofnunin í þeim málum að þeirri niðurstöðu að upplýsingar um prósentuhlutfall verðlækkunar teljist til upplýsinga sem skipta neytendur almennt máli, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005. Það að tilgreina aðeins „tax free“ sé ekki nægilegt til að greina frá upplýsingum um prósentuhlutfall afsláttar enda kunna mismunandi vörur og þjónusta að bera mismunandi virðisaukaskatt auk þess sem Neytendastofa telji ekki unnt að gera kröfu um að neytendur veiti sérstaka athygli hver afreikniþrósentu virðisaukaskatts er á hverjum tíma fyrir hvert skattþrep. Í máli því er hér liggur fyrir er hins vegar ekki um eiginlegan afslátt af almennu, venjulegu vöruverði að ræða heldur opinber gjöld sem Fríhöfninni ber að hluta til að standa skil á. Þá er það álit Neytendastofu að hinn almenni neytandi leggi þann skilning í orðin „duty free“ og „fríhöfn“ að í þannig verslunum sé vöruverð almennt lægra en gengur og gerist en séu ekki endilega óháðar öllum álögum eða gjöldum. Þau sjónarmið sem fram koma í ákvörðunum Neytendastofa er taka til „tax free“ afsláttar eiga því ekki við heldur þvert á móti má álykta út frá þeim sjónarmiðum sem þar koma fram að Fríhöfninni sé ekki skylt að upplýsa sérstaklega um þau opinberu gjöld sem kunna að hvíla á þeim vörum sem seldar eru í verslunum, samanber fyrri umfjöllun um álagðan virðisaukaskatt í almennum verslunum.

Að teknu tilliti til framangreinds er það mat Neytendastofu að Fríhöfnin ehf. hafi ekki brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til alls framangreinds telur Neytendastofa að ekki sé tilefni til aðgerða af hálfu stofnunarinnar í máli þessu.

## V.

### Ákvörðunarorð:

**„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“**

Neytendastofa, 30. júní 2023

Þórunn Anna Árnadóttir  
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttur